

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 532/2015 um stjórn makrílveiða íslenskra fiskiskipa árið 2015.

1. gr.

3. mgr. 2. gr. verður svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að ráðstafa ónýttum heimildum milli flokka, megi ætla að skip í viðkomandi flokki muni ekki geta veitt það aflamagn sem tilgreint er í hverjum flokki. Við þá tilfærslu skulu njóta forgangs flokkar sem hafa lægra raðtölunúmer skv. 1. mgr. en sá flokkur sem flutt er frá gefi veiði tilefni til.

2. gr.

4. gr. reglugerðarinnar breytist þannig:

- a) 1. tl. 4. gr. verður svohljóðandi: Heimilt er að færa aflaheimildir skipa sem falla undir 4. tl. 1. mgr. 2. gr. til skipa sem falla undir 2. og 3. tl. 1. mgr. 2. gr. og heimilt er að færa aflaheimildir skipa sem falla undir 3. tl. 1. mgr. 2. gr. til skipa sem falla undir 2. tl. 1. mgr. 2. gr.
- b) 4. tl. 4. gr. verður svohljóðandi: Heimilt er að flytja heimildir milli skipa sem falla undir 1.-4. tl. 1. mgr. 2. gr., ef þau eru í sama flokki. Ráðherra er heimilt að leyfa flutning milli flokka ef sýnt þykir að aflaheimildir nýtist ekki með öðrum hætti.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum og lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 10. júlí 2015.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Hinrik Greipsson.

Erna Jónsdóttir.